

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands

Selfossi 27.05. 2020

Sveitarfélagið Árborg

b/t Inga

Ágæti viðtakandi

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands hefur starfað árum saman og stutt menntun og rannsóknir á Suðurlandi. Árleg úthlutun undanfarin ár er kr. 1.500.000 og hefur forseti Íslands heiðrað sjóðinn með því að veita styrkina. Sjóðurinn hefur í gegnum árin styrkt fjölda námsmanna í masters- og doktorsnámi með fjárframlögum. Sammerkt er að rannsóknir styrkþega hafa snúist um Suðurland og hafa styrkirnir því þátt í að móta nýja þekkingu í landshlutanum.

Styrkveitingar sjóðsins hafa víða vakið athygli og þykir nokkrum undrum sæta að á Suðurlandi skuli vera hægt að halda úti styrkjum til rannsókna í þessum mæli. Megin ástæða þess að þetta er gerlegt byggist á mikilli og góðri samvinnu fyrirtækja, stofnana og félaga á Suðurlandi. Samvinna þessi hefur verið öllum, sem að henni standa, til fyrirmyndar.

Nú er lokið þriggja ára tímabili sem Sveitarfélagið Árborg hefur styrkt Vísindasjóðinn. Það er von undirritaðra að xxx sjái sér fært um að vera áfram styrktaraðili Vísindasjóðsins. Því fylgir eyðublað um styrkloforð til næstu þriggja ára með tillögu að árlegum styrk að upphæð kr150.000 Að útfyllingu lokinni óskast eyðublaðið sent Fræðslunetinu Tryggvagötu 13, 800 Selfossi eða á netfangið eyjolfur@fraedslunet.is

Það er dýrmætt þegar margir aðilar sameinast um það mikilsverða markmið að styrkja rannsóknar- og atvinnulíf á Suðurlandi á fjölbreyttan hátt.

Með vinsemd og virðingu

Eyjólfur Sturlaugsson

framkvæmdastjóri Fræðslunetsins símenntunar á Suðurlandi

Sigurður Sigursveinsson

framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands
